

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 310

Dagsetning: 21. maí 2025

Fundartími: 08:15 – 11:15

Fundarstaður: Fundarsalur NO 4. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson
Þróstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

Fjarverandi

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri
Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir, mannauðsstjóri

Gestir

Guðmundur F. Hermannsson frá KMPG

Dagskrá fundar

1. Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarmálagerðarbók
2. Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarmálagerðarbók
3. Mannauðsmál, niðurstöður Moodup mælinga
4. Þriggja mánaða uppgjör
5. Framlegð veitna
6. Landsnet, samningsdrög vegna Blöndulínu 3
7. Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarmálagerðarbók
8. Önnur mál a) Borun á Ytri Haga b) Kynnisferð stjórnar og hluthafa

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

2. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

3. Mannauðsmál, niðurstöður Moodup mælinga

Norðurorka framkvæmir mánaðarlegar mælingar á starfsánægju og líðan starfsfólks. Um er að ræða stutta og einfalda könnun sem send er í síma starfsfólks. Mjög góð þátttaka hefur verið í könnuninni, um 97-99%.

Mannauðsstjóri kom á fundinn undir þessum lið og kynnti helstu niðurstöður mánaðarlegra mælinga í Moodup sem hafa verið að koma mjög vel út.

Fram kom hjá mannauðsstjóra að almennt er mikil ásókn í auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöður mælinganna sem staðfesta mjög góðan starfsanda. Einnig ánægjulegt að heyra hve mikil ásókn er í laus störf hjá fyrirtækinu.

4. Þriggja mánaða uppgjör

Fjármálastjóri kynnti þriggja mánaða uppgjör Norðurorku hf. Almennt er uppgjörð í samræmi við áætlun.

Til kynningar.

5. Framlegð veitna

Á eigendafundi 27. mars sl. kom fram ósk um frekari upplýsingar um framlegð hvernar veitu fyrir sig. Fjármálastjóri fór yfir framlegð veitna Norðurorku hf. á síðasta ári.

Stjórn samþykkir að þessar upplýsingar verði kynntar á næsta eigendafundi.

6. Landsnet, samningsdrög vegna Blöndulínu 3

Landsnet hefur endurskoðað tilboð um greiðslur til landeigenda vegna lagningar Blöndulínu 3. Norðurorka er eigandi Laugalandis þar sem línan mun fara um. Enn er það óbreytt í framlögðum samningsdrögum, þrátt fyrir andmæli Norðurorku, að greiðsla til landeigenda verði „ávöxtuð“ til allt að fimm ára en eftir það lendir „verðyrnun“ á landeiganda en réttindi Landsnets eiga að haldast óbreytt og óskert í allt að tíu ár.

Stjórn samþykkir að gera kröfu um að landbætur verði ávaxtaðar/verðtryggðar frá undirritun samnings til greiðsludags.

7. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðarbók

8. Önnur mál a) Borun á Ytri Haga b) Kynnisferð stjórnar og hluthafa

a) Undirbúningur fyrir borun í Ytri Haga. Nú er í gangi undirbúningur fyrir borun jarðvarmaholu í landi Ytri Haga og borun mun hefjast þar í næsta mánuði. Samskipti við hagaðila á svæðinu til umræðu og upplýst um að nú virðist lending vera í sjónmáli.

b) Kynnisferð stjórnar. Á síðasta stjórnarfundi kom fram áhugi hjá stjórnarmeðlimum að fara í kynnisferð líkt og farið var í árið 2023. Þá yrðu efnistöð með öðrum hætti heldur en verið hafa á fundum undanfarið s.s. eigendafundi og aðalfundi þar sem aðalfokusinn var á ársreikning, framkvæmda- og fjárfestingaáætlun. Þennan dag yrði meira horft inná við og innri starfsemin kynnt ásamt því að fara í skoðunarferð um vinnsluvæði félagsins.

Stefnt á kynnisferð 5. júní næstkomandi.